

## Til þess sem má lið varðar

### Uppgjör launagreiðenda til A deildar Brúar lifeyrissjóðs vegna breytinga á lögum um Lifeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 1/1997

Eins og ykkur er kunnugt um að með setningu laga nr. 127/2016 var lögum um Lifeyrissjóður starfsmanna ríkisins breytt og hafði sú lagabreyting áhrif á A deild Brúar lifeyrissjóðs frá 1. júní 2017 sem kallaði á framlög launagreiðenda til A deildar sjóðsins.

Nú liggur fyrir árshlutareikningur fyrir tímabilið 1. janúar – 31. maí 2017, tryggingafræðileg athugun fyrir sama tímabil og uppgjör launagreiðenda á framlögum í jafnvægissjóð, lifeyrisaukasjóð og varúðarsjóð en forsendur uppgjörsins eru að;

**Jafnvægissjóðnum** er til að mæta halla á áfallinni lifeyrisskuldbindingu A deildar sjóðsins þann 31.maí 2017. Framlag launagreiðenda í jafnvægissjóði er skipt hlutfallslega á launagreiðendur eftir iðgjaldaskilum þeirra frá stofnun sjóðsins til 31.maí 2017.

**Lifeyrisaukasjóðnum** er ætlað að mæta breytingu á réttindaöflun sjóðsfélaga í A deild til framtíðar. Framlag launagreiðenda í lifeyrisaukasjóði er skipt hlutfallslega á launagreiðendur eftir iðgjaldaskilum frá 1. janúar 2017- 31.maí 2017 en þau iðgjöld taka mest mið af framtíðarskipan sjóðsins.

**Varúðarsjóðnum** er ætlað til að standa til vara að baki lifeyrisaukasjóðnum. Ef tryggingafræðileg staða lifeyrisaukasjóðsins samkvæmt árlegu mati verður neikvæð um 10% eða meira í fimm á eða hafi hún haldist neikvæð samfellt a.m.k. 5% í meira en tíu ár skal leggja höfuðstól varúðarsjóðsins að hluta eða í heild við eignir lifeyrisaukasjóðsins. Framlag launagreiðenda í varúðarsjóði er skipt hlutfallslega á launagreiðendur eftir iðgjaldaskilum frá 1. janúar 2017- 31.maí 2017.

Á undanförnum dögum hefur sjóðurinn sent reikninga og uppgjörsskjöl til launagreiðenda en stefnt er að klára útsendingu skjala og reikninga fyrir 8. janúar. Fyrirspurnum verður svarað eins fljótt og kostur er.